

# Niðurstöður dómnefndar um Kársnes

Alls bárust 19 tillögur í samkeppnina „Kársnes - sjálfbær líftaug“. Allar tillögurnar fólu í sér það viðfangsefni að bæta tengingar við Kársnes. Þær lögðu mismikla áherslu á hinar samfélagslegu, efnahagslegu og sjálfbæru þætti sem myndu tryggja að Kársnesið yrði kraftmikið, fallett og lifandi hverfi. Margar tillögur fólu í sér ápreifanlegar tengingar til og frá höfuðborgarsvæðinu, eins og með því að bæta almenningssamgöngur, hjólreiðastíga og tilkomu sjóstrætó. Sumar tillögur fólu í sér huglægar tengingar með því að skapa tilfinningu fyrir sögu og sérstöðu Kársness. Allar tillögurnar vöktu umhugsun og voru lagðar fram af miklum metnaði og fagkunnáttu.

Dómnefnd samkeppninnar um Kársnes, sem haldin var í samstarfi við Nordic Built Cities Challenge, hefur farið yfir allar innsendar tillögur. Dómnefndin komst að samhljóða niðurstöðu um að eftirfarandi fjórar tillögur skulu halda áfram á annað þrep samkeppninnar:

**141676 Sólborg**  
**345058 Spot on**  
**484335 Evolve Kársnes**  
**492730 Harbousing life**

Dómnefndin samþykkti eftirfarandi umsagnir fyrir þær tillögur sem valdar voru, sem og stuttar umsagnir fyrir hinar tillögurnar.

## **141676 Sólborg**

Tillagan felur í sér raunhæfa áætlun í áföngum um þróun á svæðinu og tímabundna nýtingu á fyrri stigum með lausnum sem eru aðlaðandi og munu ýta undir frekari þróun. Fjölbreytnin sem áætlunin felur í sér mun efla svæðið og stuðla að blönduðu samfélagi. Tillögur að tengingum eru ápreifanlegar þ.e. sporvagn, brú og hjólreiðastígar, en einnig skapa þær tilfinningu fyrir sérstöðu Kársness. Tillagan gerir Kársnes að eftirminnilegum stað innan höfuðborgarsvæðisins með einstakri starfsemi sem vert er að leita uppi. Tillagan hefur sterka samfélagslega nálgun með staðsetningu almenningsgróðurhúss miðsvæðis og áætlun um formgerðarflokkun húsa sem myndi stuðla að góðri samfélagslegri aðlögun.

## **345058 Spot on**

Þessi tillaga er djörf í þéttbýlisnálgun sinni og landfyllingum. Mikilvægir hlutar hennar eru staðsettir á útsjónarsaman hátt með tilliti til brúa sem tengja svæðið í tvær áttir. Spurningar vakna varðandi mögulegt flæði sjávar inn og út úr vogunum og einnig mögulega auknum umferðarþunga inn og út úr svæðinu meðfram Kársnesi. Sundlaugin í miðju vikurinnar gæti verið frábær tenging á milli bæjarfélaganna tveggja og sterkur hvati að áframhaldandi þróun þeirra. Staðsetning á siglingaklúbbi hinum megin við brúna er áhugaverð og kallar á frekari samvinnu milli Kópavogs og Reykjavíkur.

## **484335 Evolve Kársnes**

Áætlunin er lögð fram í formi sögu sem lýsir því hvernig tengingar við Kársnes myndu gera ungum einstaklingi betur kleift að njóta þess sem svæðið býður upp á. Sagan leggur ríka áherslu á sjálfbærni og umhverfislega þætti. Þessi tillaga felur í sér áætlun um að halda ákveðnum drifkröftum fyrir þróun þéttbýlis opnum. Í stað þess að skapa rammaáætlun fyrir Kársnes felur tillagan í sér skipulag til lengri tíma til að ná fram tengingum og til að skapa möguleika á kraftmiklu sjálfbæru samfélagi á Kársnesi. Brú á milli Kópavogs og Reykjavíkur er mikilvægur þáttur í þessari tillögu að endurskipulagningu Kársness. Hugmyndin um tímabundna flotbrú í upphafi endurskipulagningar svæðisins gæti stuðlað að jákvæðum breytingum á svæðinu.

## **492730 Harbousing life**

Tillagan byggir á skýrum markmiðum og leggur til hagnýtar lausnir. Hún tekur mið af háskólunum tveimur sem eru Reykjavíkurmegin með því að leggja til nýsköpunargarð á nyrðri enda Kársness sem hluta af áætluninni. Áætlun um þróun í áföngum er lögð til sem mun umbreyta svæðinu með því að

halda í núverandi götuskipulag og iðnaðarmannvirki. Nýta á sjónlínur og útsjónarsama staðsetningu ákveðinnar starfsemi sem ákveðið verkfæri í áætluninni. Tillagan skapar kraftmikið hverfi með fjölbreytta starfsemi, verslun á ákveðnum mikilvægum stöðum, svæði með léttan iðnað og viðskiptastarfsemi sem allt tengist hvort öðru vel. Tillagan tekur mið af því þéttbýli sem nú þegar er fyrir hendi á Kársnesi. Með skynsamlegu og úthugsuðu skipulagi hefur svæðið möguleika á að verða líflegt og þróttmikið með fjölbreytta nýtingu.